

Samkomulag
Félags vélstjóra og málmtæknimanna
og
samninganefndar ríkisins f.h. fjármálaráðherra
vegna
félagsmanna sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands

1. grein

Gildistími

Samkomulag þetta gildi frá 1. maí 2011 og til 30. apríl 2014.

2. grein

Eingreiðsla

Eftir undirritun samkomulags greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 - apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

3. grein

Launahækkunarir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 í kjarasamningi hækki sem hér segir :

1.6.2011: 4,25% eða að lágmarki 12.000 kr.

1.3.2012: 3,50% eða að lágmarki 11.000 kr.

1.3.2013: 3,25% eða að lágmarki 11.000 kr.

1.3.2014: Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

4. grein

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011 48.800 kr. sérstakt álag 15.000 kr.

Á árinu 2012 50.500 kr.

Á árinu 2013 52.100 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011 26.900 kr. sérstakt álag 10.000 kr.

Á árinu 2012 27.800 kr.

Á árinu 2013 28.700 kr.

5. grein

Stofnanasamningur

Horfið verði aftur að dreifstýrðu samningsformi og gerður stofnanasamningur við Landhelgisgæsluna. Hann taki gildi 1. janúar 2012.

Í stofnanasamningi verði samið um röðun starfa og álag annars vegar og hins vegar um vinnutilhögun og launabætti.

Þá taki enn fremur gildi ný launatafla sem byggir á 2,5% bili á milli launaflokka og allt að 20% álagi vegna persónu- og/eða tímabundinna þátta.

6. grein

Endurgerð miðlægs kjarasamnings

Aðilar munu uppfæra alla kafla kjarasamningsins og endurgera hann á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður fram á fundum, en er ófrágenginn. Þeirri vinnu skal lokið á sama tíma og gerð stofnasamnings. Samningurinn endurgerður gildir frá 1. janúar 2012 verði hann samþykktur. Þar til gildir fyrri launatafla með hækkun skv. gr. 3 auk 38.000 kr. mánaðarlegrar greiðslu. Sama á við verði samningurinn felldur.

7. grein

Samþykkt endurgerðs kjarasamnings

Endurgerður kjarasamningur skal borinn upp í atkvæðagreiðslu félagsmanna fyrir 14. desember 2011. Samninganefndum aðila er þó heimilt sameiginlega að fresta því um einn mánuð ef nauðsyn krefur.

Verði endurgerður samningur samþykktur gilda öll ákvæði þessa samkomulags áfram. Verði hann hins vegar felldur falla öll ákvæði þessa samkomulags sem ekki eru komin til framkvæmda úr gildi og eru samningar þá lausir frá 1. febrúar 2012.

8. grein

Samningsforsendur

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma skv. 1. gr. samkomulags þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 14. október 2011

F.h. fjármálaráðherra

F.h. Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Halldóra Friðjónsdóttir (sign.)

Halldór A. Guðmundsson (sign.)